

Hafnarfjarðarbær  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 7. nóvember 2019  
UST201911-043/H.H.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Seltún Reykjanesfólkvangi - borhola**

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Hafnarfjarðarbær, dagsett 6. nóvember 2019, um lokun á borholu í Seltúni.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

#### ***Lýsing verkefnis:***

Loka þarf borholu 16 í Seltúni þar sem hún er farin að gjósa og valda slysaþættu. Frágangur verður skv. þeim reglum sem Orkustofnun hefur gefið út. Verkið mun taka 3 vika daga með fullnaðarfrágangi. 3-5 starfsmenn munu koma að verkinu og verða tæki staðsett á bílastæði í Seltúni.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðis. Tæki verða staðsett á bílastæði og mun rör vera notað til að flytja efni til að loka borholunni sem er í um 180 m fjarlægð frá bílastæði. Borholan er umkringd af mjúkum leir og gæti traðk á svæðinu sést. Svæðið við borholuna hefur verið lokað síðan í febrúar vegna þættu, en framkvæmdin gæti haft tímabundin neikvæð áhrif á gesti á bílaplani og fysta göngupalli á meðan framkvæmd stendur yfir.

#### ***Skilyrði:***

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir lokun á borholu 16 í Seltúni sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda sem minnstu raski og vanda frágang að verkni loknu.
- Gæta skal að vinnutæki fari ekki á göngupalla, þar sem þeir þola ekki mikin þunga.

- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt óþarfa rask.
- Þau rör sem þarf að leggja skal leggja á göngustíg/pall en ekki á hverasvæðið.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.


Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

  
Hildur Hafbergsdóttir  
sérfræðingur

  
René Biasone  
sérfræðingur